

mikill fjöldi skólafólks sem á það sameiginlegt að hafa áhuga á skólamállum og þróun íslenskra grunnskóla. Þingið var fróðlegt og áhugavert og munu nýju samtökin án efa vera kennurum faglegur grundvöllur í allri skólaumræðu.

Nönnu H. Eggertsdóttur, myndmennta- og textílkennara fæddist dóttir í lok nóvember. Sú litla var töluvert snemma á ferðinni eða 5 vikum fyrir áætlaðan fæðingardag. Nanna er því komin í fæðingarorlof. Alda Stefánsdóttir hefur komið til starfa við afleysingar auk þess sem aðrir kennarar skólans hafa bætt við sig kennslu og breytt stundaskrá sínum til að koma til móts við þessar breytingar. Við sendum Nönnu og fjölskyldu hennar hamingjuóskir með litlu stúlkuna.

Ég sendi ykkur öllum óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár og þakka íbúum Flóans fyrir hlýlegt og jákvætt viðmót til skólans okkar. Einnig ítreka ég það að gestir eru velkomnir á skemmtanir á vegum skólans og í heimsókn hvenær sem færi gefst.

Kær kveðja,
Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri.



*Umf. Samhygð
sendir öllum
félögum og
lesendum fréttabréfsins bestu óskir
um gleðileg jól.*

Næsta Fréttbréf kemur út í janúar 2006. Efni berist til Stefáns á netfangið geirag@bakkar.is eða í síma 867-6907. Allir geta geta nýtt sér Fréttabréfið.

Áskrifendur eiga þess kost að fá Fréttabréfið sent til sín tölvupósti. Óskir um það berist á ofangreint netfang eða síma.



Fréttabréf

Samhygðar

12. tbl.
21. árgangur
20. des. 2005
Ábyrgðarmaður:
Stefán Geirsson,
Gerðum.
netfang:
geirag@bakkar.is

Prettándaskemmtun

Prettándaskemmtun UMF.Samhygðar verður föstudagskvöldið 6.janúar í Félagslundi og hefst kl.20:30. Flugeldum verður skotið upp, bingó spilað þar sem glæsileg verðlaun verða í boði og ýmisleg skemmtiatriði koma við sögu. Við hvetjum alla Gaulverja til að mæta og kveðja jólin á skemmtilegan hátt!

ATH! Allir þeir sem vilja taka þátt í skemmtiatriðum eða skipulagningu þrettándaskemmtunarinnar eru boðnir til fundar miðvikudagskvöldið 28.desember í Félagslund kl.20:30.

Skemmtinefnd

Frá Kvenfélaginu

29 des. kl. 15.30 JÓLABALL í Félagslundi.

Jón Bjarnason sér um að halda uppi fjöri fyrir börnin. Kannski einhverjir rauðklæddir komi í heimsókn.

Með kærri jólakveðju!

Stjórnin.

Tilkynning

Hjónaskemmtun
Gaulverja 2006
verður haldin í
Félagslundi laugardagskvöldið
4. febrúar.
Nánar auglýst
síðar.

Nefndin

Pistillinn

Íslenski bærinn

Íslenski torfbærinn á sér rætur í sameiginlegri byggingararfleifð Evrópu frá því fyrir landnám Íslands sem varð upp úr 850. Þessi byggingarlist þróaðist með sérstökum hætti við íslenskar aðstæður, þar sem hugvitsamleg notkun á torfi og ótilhöggnu grjóti gegnir lykilhlutverki. Í íslenska torfbænum kristallast stór hluti af sögu og lifnaðarháttum Íslendinga í aldanna rás og þar er einnig að finna einstakan hlekk í menningar sögu Evrópu. Torfbærinn er meðal fárra mannvirkja á Íslandi sem telja má að heyri til verðmæta á heimsvísu. Engu að síður hefur tiltölulega lítil rækt verið lögð í að viðhalda og þróa þann hugsunarhátt og verklag sem liggur þessum byggingum til grundvallar. Í daga eru aðeins fáar byggingar af þessari gerð enn til staðar.

Í þessum pistli langar mig aðeins til að minnast á þær áætlanir sem uppi eru um að koma á fót kennslu- og rannsóknarmiðstöð með tilheyrandi sýningaraðstöðu að Austur-Meðalholtum undir nafninu Íslenski bærinn; mun stofnunin hafa hinn íslenska bæ að meginviðfangsefni.

Síðast liðið ár hefur verið lögð umtalsverð vinna í að undirbúa þetta verkefni með tilheyrandi skýrslugerð, áætlunum og kynningum. Hápunktur á kynningarferlinu var fundur sem haldinn var á Hótel Selfossi 13. október sl. Okkur þótti afar bjart yfir þeim fundi og í skoðunarferð að Austur-Meðalholtum skartaði Flóinn sínu fegursta, það stírndi á stráin í hríminu og Hekla var böðuð í kvöldsólinni. Þessar hugmyndir hafa víðast hvað fengið jákvæðar undirtektir og er því ástæða til hæfilegrar bjartsýni á framhaldið. Í undirbúningi er viðeigandi nýbygging í kringum starfsseminu þar sem leitast verður við að sameina framsækna byggingarlist, lærdómsríka þætti úr torfbæjarhefðinni og vistvænar byggingaraðferðir. Þá er einnig ráðgert að ljúka við endurbyggingu torfbæjarins, m. a. reisa hjall og skemmu. Ef áætlanir ganga eftir er stefnt að því að starfssemi Íslenska bæjarins verði komin á fullt skrið árið 2007.

Stofnunin mun hafa þau markmið að efla og rækta verkunnáttu sem mun nýtast við viðhald torfbygginga og annarra skyldra mannvirkja, að draga af þessari byggingarlist lærdóma sem nýta má við smíði nýrra og nútímalegra mannvirkja og síðast en ekki síst að beina sjónum að fegurð og listgildi íslenskra bæja. Meginstarfsemi miðstöðvarinnar mun felast í námskeiðahaldi, fyrirlestrum, sýningum, viðhalds- og nýbyggingarverkefnum og ráðgjöf. Bærinn að Austur-Meðalholtum er afar heppilega staðsettur fyrir starfsseminu með tilliti til torftekju, lifandi hefðar og nálægðar við helstu þéttbýliskjarna.

Það hefur verið nokkur aðdragandi að þessu verkefni. Fyrst er að nefna að sjálfur var ég að hluta til alinn upp í torfbænum fram undir tíu ára aldur og hef því löngum haft sterkar taugar til gömlu íslensku bæjanna. Eftir því sem árin hafa liðið hef ég jafnframt sannfærst um að íslensk torfhús eru afar merkilegir og fallegir gripir og sá byggingararfur sem þeim tengist mjög fjölbreyttur með óteljandi staðbundnum tilbrigðum. Fósturafi minn (ömmubróðir), Hannes Jónsson sem var fæddur í A-Meðalholtum og stundaði þar búskap (1924-1965) ásamt konu sinni Guðrúnu Andrésdóttur var með

Fréttir frá Flóaskóla

Þá er desember mánuður genginn í garð. Nemendur og starfsfólk Flóaskóla eru í jólahug eins og svo margir aðrir. Nemendur ætla að fönndra og baka fyrir jólin og skreyta skólann fyrir jólaskemmtunina sem haldin verður þann 20. desember. Skemmtunin verður frá 10:30-12:30 og verður gestum boðið að borða með okkur léttan hádegisverð áður en skóla lýkur og jólafrí hefst.

Þann 5. desember verður adventukaffi í skólanum fyrir foreldra. Þá gefst foreldrum kostur að heimsækja okkur í skólann og drekka með okkur kaffi, spjalla og fylgjast með náminu hjá nemendum.

12. desember kemur Möguleikhúsið frá Reykjavík í skólann og verður með jólaleiksýningu fyrir nemendur Flóaskóla og leikskólans Krakkaborgar.

Nóvember mánuður leið hratt hjá okkur í skólanum enda mikið um að vera. Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur 16. nóvember, á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar. Nemendur komu fram á sal skólans, lásu fróðleik um skáldið, fóru með ljóð og sungu. Elstu nemendur Krakkaborgar voru í heimsókn hjá okkur þennan dag og sungu fyrir okkur lög um krumma.

Í nóvember var hjá okkur kennaranemi frá Kennaraháskólanum, Magnþóra Kristjánsdóttir. Hún vann m.a. stuttmyndir á myndbandstökuvél með nemendum en myndirnar voru frumsýndar í skólanum á degi íslenskrar tungu og vöktu mikla lukku meðal áhorfenda sem voru allir nemendur skólans og elstu nemendur Krakkaborgar.

Í nóvember fengum við heimsókn frá “Tónlist fyrir alla” þar sem tónlistarmenn spiluðu og sungu fyrir nemendur. Þema tónlistarinnar var frekar draugalegt en féll vel í kramið hjá nemendum.

Nemendur í 3. og 4. bekk heimsóttu nýverið mjólkurbú MS á Selfossi. Þar voru þeir fræddir um starfssemi mjólkurbúsins, fengu að smakka afurðir og voru leystir út með rausnarlegum gjöfum.

Foreldra- og kennarafélag skólans stóð fyrir bíóferð fyrir nemendur í lok nóvember. Farið var í Selfossbíó og var aðsóknin mjög góð. Myndin fékk góða dóma meðal bíógesta en hún heitir “Litli kjúllinn” og þótti fyndin, sorgleg og skemmtileg!

Margir kennarar Flóaskóla sóttu Stofnþing samtaka áhugafólks um skólaþróun sem haldið var á Hótel Selfossi um miðjan nóvember. Þar var saman kominn

nú í nóvember sl.

Í framhaldi af þeirri sölu hefur hreppsnefnd samþykkt að byggja einbýlishús af svipaðri stærð. Þess má geta að eins og staðan er í dag er vantar hér húsnæði á svæðinu fyrir fjölskyldu væntanlegs starfsmanns sérdeildar Gaulverjaskóla.

Heitt vatn

Í tvígang hefur Gaulverjabæjarhreppur sótt ásamt Villingaholtshrepp um styrk til jarðhitaleitar á köldum svæðum. Er þetta í sérstöku verkefni á vegum Iðnaðarráðuneytis. Hafa hrepparnir þá verið með í huga leit við Skagaás í Villingaholtshreppi.

Í bæði skiptin höfum við fengið neitun en verið bent á að athuga aðra kosti. Fyrra skiptið var bent á hvort ekki væri hægt að tengjast veitukerfi Árborgar. Í það seinna var hinsvegar svar Benedikts Guðmundssonar hjá orkudeild Orkustofnunar að litla líkur væri á að heitt vatn myndist við Skagaás og Yrpholt. Hvernig hann gat fullyrt það skal ósagt látið en í svari var jafnframt bent á að kanna möguleika þess að tengjast Oddgeirshólaveitu í Hraungerðishreppi og boðinn lítilsháttar styrkur til þess.

Við óformlega könnun hjá Árborg var þetta talið hugsanlega mögulegt, en þess jafnframt getið að ekki væri lakara ef heitt vatn myndist á svæðinu sjálfu. Frá Oddgeirshólum væri þetta hinsvegar vart mögulegt fyrir jafn víðfemt svæði nema bora meira.

Þetta síðasta svar Orkustofnunar var rætt á fundi hreppsnefndar þann 7. júlí sl. Við skiljum í raun ekki hví svo mikil tregða er til þess að kanna betur þetta svæði hér. Samþykkt var að athuga með mögulega jarðhitaleit hér á svæðinu sjálfu.

Í framhaldi af þessu hefur verið samið við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða um leit hér í Gaulverjabæjarhreppi. Mun það verk unnið nú eftir áramót með ráðgjöf jarðfræðings á þeirra vegum.

Nú eru taldar litlar líkur á að hér finnist heitt vatn. Það kann að vera rétt. En væntanlega fæst aldrei um það fullnægjandi vitneskja nema kanna svæðið. Og bora könnunarholur sem eru ekki mjög dýrar, en geta gefið vísbendingar.

Hitt er svo allt annað mál að lagning hitaveitu er mikið fyrirtæki. Við sjáum veitur hér allt í kringum okkur sameinast og keyptar af stærri aðilum. Það segir okkur að líklega er liðin tíð að stofnaðar séu smáveitur hér og þar, með tilheyrandi kostnaði og skuldsetningu. Ef fengnir verða stærri aðilar í samstarf þá væntanlega myndi það auka möguleika okkar myndist hér vísbending um hita eða vænleg hola.

Valdimar Guðjónsson, oddviti Gaulverjabæjarhrepps.



djúpar rætur í torfbæjarhefðinni. Búskaparhættir voru alla tíð með gamla laginu og vélknúin tæki aldrei notuð við búskapinn. Öll hús sem byggð hafa verið á bæjarhólum á Austur-Meðalholtum hafa ávallt verið torfhúsabyggingar og flestar byggðar á grunni bygginga frá 19. öld eða eldri. Þrátt fyrir að um margt hafi þessi búskapur verið erfiður og smám saman á skjön við framþróun í landbúnaði, þá fannst mér Hannes alltaf stoltur af gamla bænum og þeim lífsgæðum sem sá “gamli” lífstíll sem honum tengdist hafði upp á að bjóða. Hélt hann margar þeirra í heiðri alla ævi jafnt í mataræði sem lífs-sýn. Sömu sögu er að segja um móður mína Ásdísi Lárusdóttur, sem fæddist í baðstofunni að Austur-Meðalholtum. Hnignun bæjarhúsanna eftir að flutt var af jörðinni 1965 var þeim báðum því jafnan hryggðarefni. Lengst af voru alltaf töluverð tengsl við bæjarhólinn vegna nýtingar á kartöflugarði og því alltaf fylgst með ástandi húsanna, en engar aðstæður til að spyrna við fótum. Þegar sýnt var 1985 að baðstofan sjálf væri að falli komin og ljóst að hér var um að ræða eina af fáum uppistandandi baðstofum á Suðurlandi, bærinn sjálfur eitt besta dæmi um bæ með hinu svokallaði sunnlenska lagi, var ráðist í skipulagt endurreinastarf. Naut ég þar í byrjunar mikils fróðleiks og stálminnis Hannes Jónssonar sem þá var kominn töluvert á tíræðisaldur, einkum hvað varðaði uppdrætti og sögu húsanna á hólum. Ýmsir komu að sjálfu verkinu. Auk okkar bræðra var Ásdís móðir mín vakandi og sofandi yfir þessu verkefni meðan hún hafði heilsu til. Hún þvoði sjálf ásamt hjálparkonum ættuðum úr sveitinni hverja spýtu úr baðstofunni upp úr grænsápu. Og eftir að hún var aftur komin upp í sinni upprunalegu mynd, leið ekki á löngu þar til hún var búin að þrjóna og hekla teppi á hvert rúm og tjöld fyrir glugga. Hannes Jónsson sem lést árið 1989 lifði það að sjá baðstofuna uppkomna, honum bæði til mikillar furðu og ánægju, verk sem hann var í byrjun ekki bjartsýnn á að væri gerlegt né að í því væri augljós tilgangur. Hvatning og ráðgjöf Harðar Águstsonar reyndist ómetanleg. Jóhannes Arason hleðslumaður frá Múla í Gufudalssveit sló hvergi af í alúð sinni og nákvæmni, frekar en smiðurinn Egil Árnason. Margir sjálfbóðaliðar og velunnarar komu einnig að þessu verki á mismunandi tímum, m. a. hafði Stefán í Vorsabæ frumkvæði að því að kalla saman flokk bændu úr hreppnum til þess að girða bæjarhólinn. Árið 1994 hafði meginkjarni torfbæjarins verið endurreistur. Þetta verkefni hefði þó aldrei getað hafist og þróast nema vegna velvilja og hjálpsmi bræðranna á Vestur-Meðalholtum, þeirra Jóns og Helga, því á þessum tíma áttu þeir jörðina og bæjarhólinn.

Eftir því sem árin hafa liðið höfum við hjónin eytt sífellt meiri tíma á svæðinu og lagt æ meira upp úr skjólmyndun á bæjarhólum og lífrænni grænmetisræktun. Á undanförunum árum hefur svo sú hugmynd sem nú liggur á borðinu fengið á sig skýrari mynd og smám saman verið að komast á framkvæmdastig sem mun svo í framhaldi vonandi leiða af sér fasta búsetu á svæðinu.

Eitt af megin verkefnum Íslenska bæjarins verður að setja upp sýningu með sjónrænum gögnum um íslensku byggingarhefðina í allri sinni fjölbreytni. Myndefnið verður framreitt með stuðningi sögulegra ljósmynda, teikninga, lýsinga, líkana, stafanna myndgervinga svo og verkfæra og áþreifanlegra dæma. Miðað verður við að hönnun og kynning sýningarinnar verði í samráði við safnafólk, fræðimenn og ferðaþjónustuaðila á svæðinu. Í fyrsta áfanga verður að lögð áhersla á bæi og hefðir svæðisins þar sem hið sunnlenska lag er í fyrirrúmi. Á seinni stigum myndi yfirgrip sýningarinnar spanna íslenska bæinn á landsvísu. Nú fækkar þeim óðum sem hafa

reynslu af vist í torfbæjum meðan þeir voru og hétu, og búa yfir ómetanlegri þekkingu um eðli þessara mannvirkja. Í þessu sambandi vil ég beina því til þeirra sem fá þetta fréttabréf í hendur og hafa haft bein kynni af torfbæjum eða torfhúsum að hafa samband við mig annað hvort í síma 694-8108 eða í tölvupósti: hanlar@ismennt.is. Að lokum vil ég óska Flóamönnum og öðrum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Ég skora á Kristinn Björnsson á Arnarhóli að skrifa næsta pistill, ekki síst eftir skelegga framgöngu í Morgunblaðinu nýlega.

Hannes Lárusson

Spilakvöldum lokið

Þriggja kvölda félagsvist Samhygðar og Vöku lauk föstudagskvöldið 9. desember í Þjórsárveri. Þar var spilað á 7 borðum, jafnmörgum og spilað var í Félagslundi viku áður en á fyrsta kvöldinu í Þjórsárveri var spilað á 6 borðum. Á lokakvöldinu voru veitt verðlaun fyrir hæsta samanlagða slagfjölda á kvöldunum þremur. Sigurvegara hvers kvölds má sjá hér að neðan auk þriggja efstu í heildarkeppninni.

	Karlar	Slagir	Konur	Slagir
25.nóv	Jóhann Jónsson	178	Hanna Einarisdóttir	169
02.des	Amar Einarsson	169	Alda Stefánsdóttir	169
09.des	Haraldur Einarsson	181	Ámi Magnússon	175
	Heildarkeppnin			
1.	Haraldur Einarsson	515	Hanna Einarisdóttir	505
2.	Jóhann Jónsson	504	Guðmunda Jónsdóttir	484
3.	Stefán Geirsson	492	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	456

Vantar þig efnilegan Border Collie hvolp?

Í Tungu er tveir fallegir hvolpar eftir úr gotinu hennar Kríu. Annar er hundur en hinn tík. Eru tilbúnir að fara að heiman.

Þeir sem hafa áhuga hringið endilega í Sóley og Björgvin Njál í Tungu í síma 5668191 eða 6991961

FRÁ ODDVITA GAULVERJABÆJARHREPPS

Sameiningarmál.

Úrslit sameiningarkosninga um tvö sveitarfélög í Árnassýslu eru öllum kunn og vilji íbúa allra sveitarfélaga stórra sem smárra í neðri hluta sýslunnar mjög skýr. Í aðdraganda og vinnu við undirbúning síðustu kosninga sem öllum eru í fersku minni, var að sjálfsgöðu enginn annar kostur en tillagan rædd varðandi sameiningu meðal okkar sem unnum að málinu. Slíkt hefði ekki verið heiðarlegt gagnvart öðrum.

Nú eru kosningar sem slíkar enn og aftur ekki sérstakt áhugamál hreppsnefndar fullyrði ég. Því verður hinsvegar ekki neitað að nokkru áður og nú eftir þessa tilraun til sameiningar hafa margir bæði íbúar og sveitarstjórnarmenn í Flóahreppnum þremur viðrað þann kost að þessir þrír hreppar sameinist í eitt sveitarfélag.

Í lok október var í sameiningu bóðað til fundar oddvita og varaoddvita um þessi mál. Voru haldnir tveir fundir og í millitíðinni þann 3. nóvember farið á fund félagsmálaráðherra og fulltrúa Jöfnunarsjóds sveitarfélaga. Var í framhaldinu lögð fram tillaga til hreppsnefnda um atkvæðagreiðslu þann 11. febrúar 2006 um sameiningu hreppanna þriggja Gaulverjabæjar, Hraungerðis og Villingaholtshreppa.

Hreppsnefnd hér í sveit tók í þetta tvær umræður og samþykkti að ganga til þessara kosninga á fundi þann 8. desember sl. Stefanía Geirsdóttir í Hamarshjáleigu og Lilja María Gísladóttir í Króki voru kjörnar fulltrúar hreppsins í sex manna sameiningar nefnd sem vinnur að undirbúningi kosninganna.

Kostnaður við kynningu, kosningar og framkvæmd sameiningar verður greiddur af Jöfnunarsjóði. Einnig mun Jöfnunarsjódsframlag í sameinuðu sveitarfélagi hækka umtalsvert þar eð íbúatala fer yfir 300 manns. Heimild er til þess að greitt sé af ráðuneyti allt að 75% af launum sveitarstjóra fyrstu fjögur árin og til þróunar stjórnsýslu. Sameiningarnefnd hefur hafið störf og verður málið kynnt eftir áramót.

Aðalskipulag

Vinnu við aðalskipulag Gaulverjabæjarhrepps 2003 - 2015 er nú lokið. Skipulagið var samþykkt í sveitarstjórn 31.maí sl. Afgreitt af Skipulagsstofnun þann 1.júlí 2005. Að síðustu var það undirritað og staðfest af Umhverfisstjórn herra Sigríði Þórðardóttur þann 11. september 2005.

Skipulag þetta fór í lögbindið ferli og kynningu. Engar athugasemdir íbúa bárust varðandi skipulagið. Að sögn starfsmanna hjá Landform á Selfossi sem unnu skipulagsvinnuna er það að líkindum einsdæmi á landsvísu.

Aðalskipulagið hefur tekið gildi.

Gjaldaprósenta 2005.

Hreppsnefnd hefur samþykkt óbreytta álagningarprósentu árið 2005.

Útsvar 12.7%. Fasteignagjöld 0.5%. Sorphirðugjöld óbreytt. Tveir gjaldflokkar. Kr. 7.000 og kr. 12.000

Brandshúsaferfi

Berglind Erlingsdóttir og Sigurbjörn Arnarson sem leigt hafa húsnæði hreppsins að Brandshúsum 2 í rúm tvö ár hafa fest kaup á húseininni. Gengið var frá kaupsamningi